

LEIÐBEININGAR VIÐ MAT Á MENNTUN

Í kjölfar þess að breytingar voru gerðar á menntunarákvæði í kjarasamningum Félags grunnskólakennara og Félags leikskólakennara er rétt að hafa eftirfarandi atriði í huga er varða mat á menntun samkvæmt **gr. 1.3.2.1 Persónuálag vegna viðbótarmentunar** í kjarasamningi SNS og FG er gildir frá 1. ágúst n.k.

ALLIR starfandi kennarar með leyfisbréf og náms- og starfsráðgjafar eiga að skila launagreiðanda/stjórnanda undirrituðu eyðublaði um val á menntunarkafla.

ALLIR nýjir kennarar með leyfisbréf og náms- og starfsráðgjafar, þ.e. þeir sem ekki hafa starfað fyrir 1. ágúst 2018, fara sjálfkrafa á launatöflu 1 og taka viðbótarlaun samkvæmt nýju menntunarmati, gr. 1.3.2.1.

1. Kennurum sem velja að fá menntun metna skv. gr. 1.3.2.1 í kjarasamningi FG og SNS ber að skila námsferilsyfirliti þar sem sýnt er fram á loknar ECTS einingar eða aðrar jafngildar einingar. Slíkt námsferilsyfirlit er forsenda þess að unnt sé að meta einingafjölda til persónuálags samkvæmt ákvæðinu og tryggja að einingar séu ekki tvítaldar. Þetta á við hvort sem náminu er lokið við íslenska eða erlenda háskóla.

Ef nám er við erlenda háskóla, þá oftast utan Evrópu eða fyrir þann tíma sem ECTS einingar voru teknar upp, geta einingarnar heitið öðrum nöfnum. Sem dæmi er í námsferilsyfirlitum frá Bandaríkjunum (USA) talað um CREDIT (einingu). Ekki er til sérstakur staðall sem skýrir hvað ein CREDIT eining jafngildir mörgum ECTS einingum. Það getur reynst mismunandi eftir námi/námsleiðum hvað CREDIT eining í USA eru margar ECTS einingar eftir því hvort námið er á fyrsta ári í háskóla, grunnnámi, framhaldsnámi o.s.v.frv.

EKKI er fullnægjandi að skila einungis vottorði um samtals loknar ECTS einingar eða prófskírteini.

Skilyrðið fyrir mati á námi til persónuálags er NÁMSFERILSYFIRLIT þar sem fram kemur hvort um loknar eða metnar einingar er að ræða.

Hafa skal í huga að námsferilsyfirlit eru oft birt undir mismunandi heitum s.s. brautskráningaryfirlit, námsferilsyfirlit, námskeiðsyfirlit. Öll þessi yfirlit geta innihaldið upplýsingar um sama nám. Við yfirferð námsgagna þarf því að gaumgæfa vandlega hvort yfirlitin innihaldi upplýsingar um sömu námskeið/sama nám. Fullnægjandi er fyrir kennara að skila því sem heitir námsferilsyfirlit (einu yfirliti um hvert nám) og skal það vera staðfest frá viðkomandi skóla. Á námsferilsyfirlitum ættu að koma fram heiti námskeiða (námskeiðsnúmer) sem lokið hefur verið og hvaða einingafjöldi er á bak við námskeiðið. Ef vafi leikur á um hvort sama nám komi fram á fleiri yfirlitum er best að rekja það í gegnum heiti námskeiða/námskeiðsnúmer. Á námsferilsyfirliti ætti einnig almennt að koma fram hvort námskeið hafi verið metin milli námsleiða.

Vegna ákvæðis í kjarasamningi um að einingar séu aldrei tvítaldar gilda metnar einingar fyrir metinn námskeið ekki til persónuálags. Metnar einingar þarf því að draga frá heildarfjölda eininga sem starfsmaður hefur lokið eftir grunnpróf (fyrstu 180 ECTS eru ekki metnar til persónuálags).

Dæmi: Kennari skilar þremur námsferilsyfirlitum

- a) 180 ECTS B.ed. próf – Engin námskeið metinn.
- b) 90 ECTS MA próf – Engin námskeið metin og eitt staðið.
- c) 180 ECTS BA próf – 7 námskeið (10 ECTS hvert) metin frá fyrra námi sem samsvarar 70 ECTS einingum.

- Samtals ECTS sem er lokið skv. yfirlitum er 450 einingar.
- Frádregið, 180 ECTS grunnpróf og 70 metnar einingar úr fyrra námi eða samtals 250 ECTS.
- Eftir standa 200 ECTS sem metnar eru til persónuálags sem gefa 12% persónuálag

2. Þegar kennari skilar námsferilsyfirliti frá landi sem metur ekki nám til ECTS eininga þarf að leggja sérstakt mat á námið. Matskrifstofa háskólastigsins ENIC/NARIC hefur á hendi það hlutverk að meta nám sem lokið er erlendis. Eftir ákveðnum stöðlum finnur ENIC/NARIC út hvað námið (erlendar einingar) telst jafngilda mörgum ECTS einingum.

Með tilkomu nýja menntunarákvæðis gr. 1.3.2.1 er mikilvægt að yfirfara erlend námsgögn með hliðsjón af því hvort nám sem þar kemur fram hafi verið metið af öðrum námsleiðum. Kjarasvið hefur átt fund með starfsfólki ENIC/NARIC þar sem óskað var eftir því að við mat á námsferilsyfirlitum frá erlendum háskólum væri einnig tilgreint sérstaklega ef það nám sem um ræðir hefur verið metið. ENIC/NARIC hefur tekið vel í þessa málaleitan að því tilskyldu að gögn sem þetta á við um berist milliliðalaust frá sveitarfélagi. Þá þarf að koma skýrt fram að verið sé að óska eftir mati af hálfu sveitarfélags vegna grunnskólakennara eða leikskólakennara.

Gögn sem skila þarf til ENIC/NARIC eru námsferilsyfirlit yfir loknar einingar eins og við kann að eiga í því landi þar sem námið var stundað. Móttekin eru gögn sem eru á ensku, norðurlandtungumálum og þýsku.

Gögn á öðrum tungumálum þurfa undantekningarlaust að hafa fengið þýðingu löggilts skjalapýðanda. **Ef skilað er þýddum gögnum þurfa frumgögn þó ávallt að fylgja með.**

Senda skal samantekin gögn fyrir hvern kennara í tölvupóst á netfangið enicnaric@hi.is **Athugið að ekki skal senda gögn fyrir marga kennara í sama tölvupósti.** Þá er mikilvægt að kennari hafi skilað öllum gögnum til sveitarfélagsins áður en þau eru send til ENIC/NARIC með ósk um mat. Til að þetta gangi sem eðlilegast fyrir sig er nauðsynlegt að öll gögn liggi fyrir og mál tefjist ekki af þeim völdum.

Í framhaldinu ætti svo að berast niðurstaða sem tiltekur mat á því hvað erlenda námið felur í sér jafngildi við margar ECTS einingar og hvað margar af þeim einingum eru metnar einingar af öðrum námsleiðum sem teljast þá ekki aftur til persónuálags.